

Bls. 8



Uppsögnum hjá LSH mótmælt

Bls. 18



Virk og jákvæð samskipti

Bls. 23



Hver sáði fræinu?

**Athugið að orlofsblað
Eflingar er inni í aðalblaði**



FJÁRMÁL HEIMILISINS

Lausnir sem geta hjálpað heimilinu

STÖÐUMAT | HEIMILISBÓKHALD | RÁÐGJÖF

Starfsfólk Landsbankans býður fram krafta sína í breyttu landslagi. Við ríkjandi aðstæður getur verið brýnt að endurskipuleggja fjármálin. Teljir þú þig þurfa á ráðgjöf að halda viljum við bjóða fram aðstoð okkar. Við förum með þér yfir möguleg úrræði.

Markmiðið er að öðlast skýra yfirsýn yfir fjárreiður heimilisins og treysta fótfestuna.

LAUSNIR SEM GÆTU HENTAÐ ÞÉR

- Greiðslujöfnun
- Lengja lánstíma
- Skuldbreyta vanskilum
- Fresta afborgunum vegna sölutregðu
- Fresta greiðslu afborgana og vaxta

Pantaðu ráðgjöf á landsbanki.is,
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000.

Við bjóðum fram krafta okkar.
Pantaðu ráðgjöf á landsbanki.is



Landsbankinn



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Práinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lía Terrazas
Atli Lýðsson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Erna Björk Jóhannesdóttir
Fjóla Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Hallsteinn Friðbjófsen
Harpa Ólafsdóttir
Herdís Steinarsdóttir
Hjördís Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Oddný Einarsson
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Ragnheiður Baldursdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Práinn Hallgrímsson

Starfsafi

Sveinn Aðalsteinsson
Valdis Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættún 1
Sími 510 7500/fax 510 7501
www.efling.is
Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.

Skrifstofa Suðurlandi
810 Hverqagerði
Sími 483 4525/fax 483 4025
Netfang bodinn@efling.is



Sigurður Bessason

Afstaða sem sýnir styrk

Hér á landi eru nú rúmlega sextán þúsund manns á atvinnuleysiskrá. Atvinnuleysið fer enn vaxandi og öllum ljóst að meginverkefni stéttarfélaga og fyrirtækja er að verja störfin. Allt að tíu fyrirtæki fara í þrot daglega og um fjögur þúsund fyrirtæki verða gjaldþrota á næstu tólf mánuðum ef spá Creditinfo gengur eftir. Ekki er hægt annað en taka þessa spá grafalvarlega. Atvinnureksturinn býr við veikburða bankakerfi, höktandi innflutningsverslun og íslenska krónu sem ekki er lengur gjaldgeng í heimsversluninni nema með stórfelldum höftum.

Eina skynsamlega stefnan í þessari stöðu er að setja hinn atvinnulausa í forgang og freista þess að reisa atvinnulífið úr rúst. Þannig má leitast við að stytta kreppuna og snúa vörn í sókn.

Viðræður milli aðila vinnumarkaðarins um framlengingu kjarasamninga til næstu tveggja ára ganga einmitt út á þetta. Báðum aðilum er ljóst að forsendur er varða launabátt og verðbólgu eru brostnar. Ekki var annað að gera en vísa málinu til forsendunefndar ASÍ með samninganefnd ASÍ að baki. Það er mat margra að versta niðurstaðan hefði verið að segja upp samningum í þessu ástandi. Mikilvægast er að ná fram markmiðum samningsins þó að það taki lengri tíma. Fjöldmennir fundir í Eflingu og Flóa-félagunum Hlíf og VSK hafa mótað sömu stefnu í þessu máli í samninganefnd, trúnaðarráðum og stjórnnum félaganna.

Félögin og þorri félaga innan ASÍ vilja fresta opnunarákvæðum fram yfir stjórnarmyndum. Þannig skapist svigrúm til að ræða við stjórnvöld um atvinnumál, skattamál og ýmsar félagslegar lausnir sem miða að því að vinna okkur í gegnum kreppuna.

Forsenda þess að þetta geti orðið er að tryggja að tekjutryggingarákvæði kjarasamninga komi strax til framkvæmda 1. mars nk. Krafa launafólks er að innhald samningsins náist fram á samningstímanum. Niðurstaðan sem nú hefur orðið er besta lausnin til að viðhalda verðgildi kjarasamningsins.

Þessi afstaða sýnir styrk. Þegar hrikir í stöðum atvinnulífsins, ríkiskassinn er tómur og fjárhagur stærstu fyrirtækja og sveitarfélaga í landinu er afleitur, þarf verkalýðshreyfingin að sýna styrk. Þá verðum við að kjósa með atvinnunni. Þó að forsvarsmenn ríkisstjórnar hafi hunsað ráðleggingar verkalýðshreyfingarinnar um árabíl, þýðir ekki að fást um það. Mestan styrk sýnir hreyfingin með einhuga afstöðu sem miðar að því að byggja upp það sem eftir stendur. Ný ríkisstjórn ber vonandi gæfu til að vinna betur með verkalýðshreyfingunni en áður að stöðugleika í efnahagslífinu sem er undirstaða heilbrigðrar kjaramálastefnu í landinu.

Við erum öll mikilvæg

Í þeim miklu hremmingum sem gengið hafa yfir þjóðfélagið á undanförunum mánuðum eftir bankahrunið hafa mörg gildi komið til endurskoðunar. Eitt af því sem við blasir er mikilvægi stéttarfélaga og samtaka þeirra. Nú reynir sem aldrei fyrr á öryggisnet kjarasamninga, réttinn til uppsagnarfrests og atvinnuleysisbóta, rétt til ýmissa bóta og styrkja úr sjúkrasjóðum, réttinn til fræðslu og menntunar sem kostuð er af fræðslusjóðum og starfsmenntasjóðum og síðast en ekki síst réttinn til dvalar í orlofshúsum félaganna. Ástandið í launa- og kjaramálum um þessar mundir sýnir vel að markaðurinn er aðeins vinur launamannsins meðan vel gengur. Á öðrum tímum þarf launafólk að berjast með oddi og egg fyrir bættum kjörum og réttindum.

Vonandi erum við á leið aftur til þeirra gilda þar sem vinna launafólks er metin til verðleika sem hluti af undirstöðum þjóðfélagsins. Þar með sannast slagorð Eflingar í nýlegri herferð félagsins að við erum öll mikilvæg.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Afstaða sýnir styrk	3	Uppgjöf ekki í myndinni	16
Fresta opnunarákvæðum	4	High/Scope í leikskólum	18
Verjum atvinnuna	6	Menntun á markaðstorgi	19
Uppsögnum mótmælt	8	Mikil aðsókn	20
Námstilboð í atvinnuleit	10	Hver sáði fræinu	23
Ekki segja upp	11	Styrkir í heilsurækt	24
Sárt ef ástandið versnar	12	Frábært framtak	25
Urræði í kreppunni	14	Tíminn til að mennta sig	26
Læra á sérþarfir	15	Jarðlagan útskrifast	30



Einróma samþykkt Flóafélaganna

Fresta opnunarákvæðum kjarasamninga

Kristján Gunnarsson, formaður SGS, Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlíf, Guðmundur Þ Jónsson, Eflingu og Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Það liggur fyrir að Samtök atvinnulífsins segi upp kjarasamningnum og ríkisstjórnin hefur ekkert framtíðarumboð til að skapa samningsgrundvöll við ríkið. Í ljósi gríðarlegs atvinnuleysis og erfiðs efnahagsástands framundan, teljum við því skásta kostinn að fresta opnunarákvæðum kjarasamningsins enda er launahækkunin ekki í hendi, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar og talsmaður Flóabandalagsins. Fjölmennur fundur Flóafélaganna samþykkti á dögunum einróma að fresta opnunarákvæðum samninganna. En áður höfðu stjórnir og trúnaðarráð félaganna ályktað á sama veg. Ályktun félaganna fer hér á eftir.

Fundur samninganefndar Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis haldinn 12. febrúar 2009 samþykkir að fresta framkvæmd opnunarákvæðis kjarasamningsins fram yfir ríkisstjórnarmyndun að afloknum kosningum til Alþingis. Fresturinn verði notaður til þess að leita samkomulags við atvinnurekendur um viðbrögð og kalla

Með því að fresta framkvæmd opnunarákvæða samningsins verður leitast við að ná meginmarkmiðum kjarasamningsins

nýja ríkisstjórn að þeim viðræðum með það að markmiði að stuðla að framgangi samningsins og lausn kjaramála næstu tveggja ára.

Það liggur fyrir samkvæmt 20. grein kjarasamnings aðila að hvorug meginforsenda samninganna er varðar framlengingu heldur. Þar sem forsendur

samninganna eru brostnar, þá skal kalla saman fund samninganefndar ASÍ og SA. Verkefni nefndarinnar er að „leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu“ eins og segir í kjarasamningnum.

Með því að fresta framkvæmd opnunarákvæða samningsins verður leitast við að ná meginmarkmiðum kjarasamningsins en það þýðir að reynt verður að ná nýju samkomulagi um tímasetningu kaupliða meðan aðrir liðir og samningurinn sjálfur halda gildi sínu.

Samkomulag ASÍ og SA um frestun opnunarákvæða

Tekjutrygging hækkar í 157 þúsund

Samkomulag tókst milli ASÍ og SA þann 25. febrúar sl. um að fresta endurskoðun og opnunarákvæðum kjarasamninga. Samkomulagið felur í sér að takist að framlengja samningnum þá skal því lokið fyrir lok júní 2009. Á sama tíma skal liggja fyrir ákvörðun

un um tímasetningu umsaminna launabreytinga. Þrátt fyrir frestun skal lágmarkstekjutrygging hækka í 157 þúsund krónur þann 1. mars 2009 og önnur ákvæði haldast s.s. lenging orlofs eins og þau eru í samningnum.

Öruggar

sparnaðarleiðir!



SPRON VAXTABÓT

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON VIÐBÓT

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stigvaxandi vaxtaálag að binditíma loknum

SPRON VELTUBÓT

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Alltaf laus

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**



Verjum atvinnuna

-segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Það er bara ein leið til og aðeins ein, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar. Við verðum að hugsa um það eitt að treysta undirstöður atvinnulífsins. Fólk vantar vinnu. Svo einfalt er það. Ef okkur mistekst við það verkefni þá er flest annað unnið fyrir gíg, segir hann. Þess vegna leggur hann ofuráherslu á að ríki, sveitafélög og fyrirtæki leggi nú megináherslu á að leggja fram tillögur um mannafls-frekar framkvæmdir. Það getur vel verið að þetta sé gamaldags barátta. Núna er forgangsverkefnið að tryggja störfin því ef þau eru farin þá breyta allar grunnstöðir fjölskyldunnar. Ef við verðum að velja milli þess að verja

atvinnu fólks og að verja kaupmátt, þá veljum við vinnuna, segir hann.

Þegar við nú stöndum frammi fyrir algeru hruni í mörgum helstu atvinnugreinum landsins þá verðum við að horfa á staðreyndir og vinna út frá þeim. Það er staðreynd að um sextán þúsund manns eru á atvinnuleysisskrá og þó að hluti þessa fólks sé í hlutastörfum þá er ástandið mjög alvarlegt. Atvinnuleysi hefur aldrei fyrr vaxið jafn hratt. Við höfum aldrei horft á svo marga verða atvinnulausa á nokkrum vikum. Heilu atvinnugreinar eins og byggingariðnaðurinn og tengd starfsemi svo sem ýmiss konar vélavinnna eru í lamasessi og ekki fyrirsjáanlegt að þær taki við sér á næstunni. Því miður virðist fall byggingariðnaðarins aðeins vera forsmekkurinn því í framhaldinu hefur atvinnuleysið lagst á nærri allar starfsgreinar þó misþungt sé. Þess vegna ríður nú á að koma fjármálakerfi landsins í lag og hefja skipulega sókn í atvinnumálum. Þessi mál vinnast ekki af sjálfu sér.

Stóru sveitafélögin eiga að bregðast hratt við

Ég hefði viljað sjá stóru sveitafélögin hér í kringum okkur bregðast hratt við og leggja fram framkvæmdaáætlanir með ríkisvaldinu og stofnunum þess svo sem Vegagerð ríkisins, áætlanir sem tækju mið af ástandinu. Það er óþolandi að allt frá því að bankahrunið varð hefur verið talað um það af hálfu opinberra aðila að nú yrðu verkin látin tala en ekkert hefur gerst. Það er ekkert verra en óvissan í þessu ástandi. Fjöldi smárra og meðalstórra fyrirtækja bíður nú einmitt eftir þessu frumkvæði, segir hann. Ekki er skortur á verkefnum. Það vantar eingöngu pólitískt þor til ákvarðana einmitt á þeim tímum þegar stjórnmálamenn eiga að hafa frumkvæði.

Það hefur verið rætt um að byggingamarkaðurinn sé yfirfullur. Hér sé rúmlega tvö þúsund íbúðir umfram þörf á svæðinu frá Borgarnesi að Selfossi og að það sé búið að undirbúa byggingasvæði fyrir aðrar sex þúsund íbúðir. Er þá ekki

Það er óþolandi að allt frá því að bankahrunið varð hefur verið talað um það af hálfu opinberra aðila að nú yrðu verkin látin tala en ekkert hefur gerst

markaðurinn mettaður? Jú, en ekki af þeim íbúðum sem þörf er fyrir í dag því síðustu árin byggðum við fyrst og fremst of stórt húsnæði sem hentar illa þörfum lítilla fjölskyldna. Í dag er þörf fyrir litlar tveggja og þriggja herbergja íbúðir bæði til leigu og til sölu. Það er ljóst að mikill fjöldi ungs fólks býður eftir úrræðum sem hentar þeirra greiðslugetu. Einstaklingar sem ekki réðu við stærð og verð þess húsnæðis sem var í boði. Sveitafélögin þurfa að fara í greiningu á þessari þörf og mæta henni síðan í framhaldinu. Hér þurfa aðilar að hafa samráð sín á milli svo við brennum okkur ekki aftur á sömu mistökunum.

Tækifæri fyrir mannaflsfrekar framkvæmdir í vegagerð

Nú er tækifærið til að byggja upp framtíðarvegi út frá höfuðborginni 2+2 eða 2+1 með möguleika á breytingu. Það er grimmt að þurfa að segja það en bana-

slys og alvarleg slys bara á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi kosta okkur milljarða. En þar fyrir utan getum við svo losað um umferðateppurnar á höfuðborgarsvæðinu og sparað verðmætan tíma einstaklinga, fyrirtækja og sparað fé í formi eldsneytis sem hægt verður að nýta til þarfari hluta í framtíðinni en að brenna upp í 10–20 mínútna biðröðum á ljósum. Hefur einhver haft fyrir því að reikna út þessa soun? Við þurfum að forgangsraða með réttum hætti. Láta verkin tala. Stjórnmalamenn þurfa að hlífa okkur við endalausum orðræðum þar sem framkvæmdum er drekkt í orðagjálfrí. Þeir verða að víkja dægurþrasinu til hliðar þegar örlög heillar þjóðar er undir.

Ekki ástæða til bölsýni

En er mikil ástæða til bölsýni? Svarið er nei. Það sem gerist á næstunni er allt í okkar höndum. Grunnstöðirnar eru

Það sem við þurfum er vilji, vit og þor til þess að vinna okkur út úr þessari stöðu sameiginlega

sterkar. Við eigum gott heilbrigðis- og menntakerfi. Grunnatvinnuvegirnar eru til staðar. Orkuna í fallvötnum og í jörðu eigum við. Öflugan sjávarútveg þar sem sjávarútvegurinn og fiskvinnslan ætti að ná sér á strik ef sölumálin verða í lagi og ferðaþjónustan ætti að geta vaxið og skilað sínu á næstu misserum meðan við göngum í gegnum þessa efnahagslægd.

Það sem við þurfum er vilji, vit og þor til þess að vinna okkur út úr þessari stöðu sameiginlega, segir formaður Eflingar að lokum.

Einkareknir leikskólar

Einhugur um kjarasamning



Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur Eflingar ræðir við starfsmenn á leikskólum stúdenta þegar kjarasamningurinn var kynntur fyrir þeim

Það var alger einhugur meðal starfsmanna á einkareknum skólum sem greiddu atkvæði um nýjan kja-

samning í janúar síðastliðnum. Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru þannig. Á kjörskrá voru 244.

Alls greiddu 123 atkvæði. Af þeim samþykktu 122 samninginn en einn skilaði auðu.

Uppsögnum í Fossvogi mótmælt

Jákvæðar undirtektir heilbrigðisráðherra



Harpa Ólafsdóttir hagfræðingur Eflingar, Sigurður Bessason formaður, Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra, Marilyn Biye Obiang og Kristín Jóhannesdóttir starfsmenn Landspítalans í Fossvogi

Tveir talsmenn 35 starfsmanna í ræstingu á LSH í Fossvogi sem sagt var upp störfum í byrjun janúarmánaðar funduðu á dögnum með heilbrigðisráðherra, ásamt formanni og hagfræðingi Eflingar. Stjórnendur LSH hafa tilkynnt að bjóða eigi út ræstingarnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Efling hafði gert þá kröfu ítrekað við stjórnendur spítalans að uppsagnir yrðu dregnar til baka. Félagið telur að með þessari ákvörðun sé verið að senda hóp starfsmanna beint á atvinnuleysisskrá. Heilbrigðisráðherra tók við áskorun og undirskriftarlistum, þar sem skorað var á hann að beita sér fyrir því að LSH falli frá uppsögnunum. Ráðherrann tók vel í beiðni Eflingar og sagði jafnframt að hann hefði nú þegar komið því á framfæri við forstjóra LSH að fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir LSH ættu ekki að beinast gegn þeim sem hefðu lægstu kjörin.

Stór hópur þessara starfsmanna er með langan starfsaldur að baki og hefur verið

Ljóst er að uppsögn 35 starfsmanna á LSH við þessar aðstæður sem nú ríkja er um leið ákvörðun um að senda stóran hóp beint á atvinnuleysisskrá

í starfi á þeim tímum þegar hvað erfiðast hefur verið að fá fólk til starfa. Nú þegar gríðarlegur samdráttur er í atvinnulífinu telja stjórnendur við hæfi að beita hagræðingu á starfsmenn sem eiga hvað erfiðast um varnir.

Ný ríkisstjórn hefur á síðustu dögum kynnt þá stefnu að stjórnvöld, sveitarstjórnir og atvinnurekendur geri allt sem í þeirra valdi stendur til að vernda störfin í landinu. Þannig verði hægt að ná árangri í því gríðarlega atvinnuleysi sem nú herjar á þjóðina.

Ljóst er að uppsögn 35 starfsmanna á LSH við þessar aðstæður sem nú ríkja er um leið ákvörðun um að senda stóran hóp beint á atvinnuleysisskrá sem geng-

ur þannig skýrt gegn stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Þau störf sem verið er að vinna í ræstingum á LSH í Fossvogi þarf áfram að sinna. Störfin hverfa ekki. Það að eyða miklu fé og tíma í útboð á Evrópska efnahagssvæðinu til að ná fram takmarkaðri hagræðingu, hlýtur að ganga gegn öllum markmiðum stjórnvalda um að vernda störfin auk þess sem hér er vegið að launalægsta fólkinu sem er í störfum á LSH.

Á fundinum tók heilbrigðisráðherra við áskorun og undirskriftarlistum, þar sem skorað var á ráðherrann að hann beiti sér fyrir því að LSH falli frá uppsögnum ræstingafólks á LSH í Fossvogi. Ráðherrann tók vel í beiðni Eflingar og sagði jafnframt að hann hefði nú þegar komið því á framfæri við Huldu Gunnlaugsdóttur, forstjóra LSH að hann væri alveg skýr í sinni afstöðu að fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir Landspítalans ættu ekki að beinast gegn þeim sem hefðu lægstu kjörin.



Stefnir á nám í Félagsliðabrunni

Mjög ánægð með fagnámskeiðið

- segir Anna Dorotar

Í hópi tólf starfsmanna sem vinna á hjúkrunarheimilum og luku fagnámskeiði I nýlega er Anna Dorotar sem er starfsmaður við umönnun á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Breiðholti. Hún kom hingað frá Póllandi fyrir fjórum árum með fjölskyldu sinni og hefur unnið í Skógarbæ í þrjú ár. Skógarbær er frábær vinnustaður, segir hún og hafi hún ekki þurft að hugsa sig lengi um þegar henni stóð til boða að fara á námskeiðið. Það sé heldur engin eftirsjá, heldur séu nemendur mjög ánægðir með námskeiðið.

Tólf starfsmenn sem vinna á hjúkrunarheimilum voru útskrifaðir af fagnámskeiði I í umönnun hjá Mími-símenntun þann 12. febrúar sl. Nemendurnir létu í ljós ánægju með skipulagningu og framkvæmd námsins og voru flestir ef ekki allir ákveðnir í að láta skrá sig á fagnámskeið II og eiga þess kost að fara í nám á Félagsliðabrunni.

Skógarbær er frábær vinnustaður, segir hún og hafi hún ekki þurft að hugsa sig lengi um þegar henni stóð til boða að fara á námskeiðið

Aðspurð um námskeiðið segir Anna að það hafi verið bæði fróðlegt og skemmtilegt og umfram allt fjölbreytt náms efni. Þá sakaði ekki að hafa með í för skemmtilega félaga og kennarar áttu líka mikinn þátt í að gera þetta ánægjulegt nám. Við lærðum m.a. heilbrigðisfræði,

félagsfræði, umönnun og aðhlynningu, skyndihjálp og samskipti. Ég var líka búin að læra ýmislegt um starfið á vinnustaðnum og töluvert í íslensku af samstarfsfólki mínu og það hefur hjálpað mér mikið við námið, segir Anna að lokum.





Frítt!!

Námstilboð fyrir fólk í atvinnuleit

Nú um stundir eru því miður sífellt fleiri Eflingarfélagar að bætast í hóp þeirra sem eru búnir að missa atvinnu sína og sjá því fram á breytta og oft erfiða tíma framundan. Námskeið og fræðsla getur leikið stórt hlutverk í að vinna uppbyggilega og reyna að nýta tímann til að víkka sjónvildarhringinn og bæta við sig þekkingu. Efling stéttarfélag býður því félagsmönnum sínum upp á fimm námskeið á vormánuðum í samstarfi við fræðsludeild ASÍ. Öll námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu og eru kennd á dagtíma.

Skráning á öll námskeiðin fer fram hjá Eflingu stéttarfélagi í síma 510-7500

Að laða til sín það góða

Námskeið í því að skapa jarðveg velgengi á erfiðum tímum.

Léttur og einlægur fyrirlestur þar sem þátttakendur fá í nesti tæki og tól til að halda út í framtíðina bjartsýnir og upplýtsdjarfir. Hvað skiptir mestu máli í lífinu og hverju getum við stjórnað? Hvernig löðum við að okkur góða

Efling stéttarfélag býður því félagsmönnum sínum upp á fimm námskeið á vormánuðum í samstarfi við fræðsludeild ASÍ

strauma og hamingju? Markmið námskeiðsins er að þátttakendur finni það góða á erfiðum tímum og láti draumana rætast þrátt fyrir móthyrt.

Leiðbeinandi: Sigríður Arnardóttir (Sirrý)

Tími og staður: 12. mars, 09:00 – 12:00, Sætúni 1, 4. hæð.

Breyttir tímar...hvar stend ég?

Færnimappa, ferilskrá, hagnýt atriði í náms- og starfsleit og einstaklingsviðtal. Færnimappan er verkfæri sem auðveldar einstaklingum að átta sig á og hafa yfirsýn yfir hvað hver og einn hefur fram að færa í leik og starfi.

Í dag er vönduð ferilskrá mikilvægt tæki í náms- og starfsleit. Ferilskrá þarf að gefa stutta og greinargóða lýsingu á einstaklingnum og auk þess þarf hún að

taka mið af því námi eða starfi sem viðkomandi hyggst sækja um.

Í einstaklingsviðtölum býðst þátttakendum tækifæri til að ræða eigin stöðu og skoða möguleika sem í boði eru, auk þess að skipuleggja næstu skref, hvort sem er við val á námi eða í starfsleit.

Leiðbeinandi: Helga Björk Pálsdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir
Tími og staður: 24., 25. og 27. mars, 10:00 – 12:15, Skeifunni 8.

Fjármálalæsi – fjármál heimilanna

Að hafa gott skipulag á fjármálum heimilisins og góða yfirsýn yfir stöðu sína eru lykilatriði til þess að geta haft stjórn á eigin fjárhag. Á námskeiðinu verður farið yfir úrræði sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjármál sín og hvaða leiðir eru færar ef greiðsluferfiðleikar blasa við. Þá verður farið yfir ýmsar tegundir lána, kosti þeirra og galla s.s. verðtryggt lán, óverðtryggt lán og gengisbundin lán.

Leiðbeinandi: Henný Hinz

Tími og staður: 1. apríl, 09:00 – 12:00, Sætúni 1, 4. hæð

Áföll á vinnumarkaði - velferð félagsmanna

Hver er staða launamanns sem verður fyrir áfalli á vinnumarkaði t.d. ef honum er sagt upp vegna erfiðleika í rekstri fyrirtækis þess sem hann starfar hjá eða ef hann slasast og þarf að draga úr vinnu tímabundið? Hvað verður um framfærslu hans og afborganir lána? Er hætt við að fjölskyldan lendi skyndilega á vonarvöl? Hvaða verndar nýtur hann hjá atvinnurekanda í gegnum kjarasamningsbundin réttindi? Hvaða verndar nýtur hann í gegnum aðild að stéttarfélagi? Hvað með almannatryggingakerfið? Hvernig virka þessi úrræði saman?

Leiðbeinandi: Magnús Norðdahl
Tími og staður: 15. apríl, 09:00 – 12:00, Sætúni 1, 4. hæð

Að efla framkomu sína

Á námskeiðinu auka þátttakendur færni sína í að koma fram af öryggi fyrir framan hóp af fólki og treysta á eigið ágæti. Þeir öðlast betri skilning á eigin kvíðaviðbrögðum og læra að stjórna sviðsskrekki og ótta. Farið er í framkomu og tjáningu, samspil ræðumanns og umhverfis, ótta og öryggi, að ná að halda athygli, kvíðavekjandi og sjálfsstyrkjandi hugsanir. Þátttakendur halda ræður og fá endurgjöf á framkomu sína frá þjálfara og öðrum þátttakendum.

Að hafa gott skipulag á fjármálum heimilisins og góða yfirsýn yfir stöðu sína eru lykilatriði til þess að geta haft stjórn á eigin fjárhag

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur auki sjálfstraust sitt og nái meiri stjórn á eigin kvíðaviðbrögðum og læri betri, áhrifameiri og markvissari framsetningu.

Leiðbeinandi: Edda Björgvinsdóttir
Tími og staður: 21. apríl, 09:00 – 16:00, Sætúni 1, 4. hæð.



Verið á varðbergi!!!

Ekki segja upp þegar heilsan bilar

Hjá sjúkrasjóðum Eflingar hafa komið upp dæmi á undanförunum mánuðum þar sem starfsfólk með langan veikindarétt nýtir sér ekki umsamin réttindi en segir hins vegar upp störfum þegar að veikindum er komið eða þau hafa staðið um nokkurn tíma. Stundum er þessi ákvörðun tekin undir þrýstingi um að hætta og slíta um leið ráðningarsambandinu við atvinnurekandann. Efling-stéttarfélag vill vara við þessari þróun og

Því beinum við því til félagsmanna, hvort sem þeir starfa hjá opinberu fyrirtæki eða á almennum markaði að nýta sér dýrmætan umsamin veikindarétt sinn

hvetur fólk til að vera vel á varðbergi þegar atvinnurekandi vill rjúfa ráðningarsamband meðan á veikindum stendur.

Þessi þróun gengur þvert á alla umræðu í þjóðfélaginu um að leita beri allra leiða til að gera fólki kleyft að stunda vinnu á vinnumarkaði jafnvel þó um skerta starfsorku geti verið að ræða. Staðreyndin er sú að ef ráðningarsambandið er rofið, launamaðurinn hefur ekkert samband lengur við sinn vinnustað, þá eru mun meiri líkur á að hann verði langtímaveikindum og síðan örorku að bráð.

Þeir sem starfa hjá opinberum fyrirtækjum eiga nú að njóta sömu réttinda úr sjúkrasjóðum og þeir sem starfa á almennum markaði þar sem greitt er 1% af launum til sjóðsins, þótt tímabil greiðslna dagpeninga sé skemmra á móti þeim mikla veikindarétti sem þessir félagsmenn hafa. Hér er um gríðarlega mikilvægan rétt að ræða og getur skipt sköpum fyrir fólk þegar um lengri veikindi er að ræða.

Því beinum við því til félagsmanna, hvort sem þeir starfa hjá opinberu fyrirtæki eða á almennum markaði að nýta sér dýrmætan umsamin veikindarétt sinn áður en leitað er til sjúkrasjóða félagsins, svo ekki þurfi að koma til réttindaskerðingar úr sjóðnum.

Dagpeningar úr sjúkrasjóðum Eflingar eru greiddir þegar sjóðfélagi er orðinn launalaus vegna veikinda eða slyss og veikindaréttur hjá launagreiðanda hefur verið tæmdur. Ljóst er að þessi þróun kallar á árvekni stéttarfélaganna gagnvart því að veikindaréttur hjá atvinnurekanda hafi sannanlega verið tæmdur áður en til greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóði kemur.

Trúnaðarmaður Eflingar hjá Ístak

Sárt að ástandið getur versnað

- Sigurður Már Sigbórsson



Sigurður Már Sigbórsson hefur unnið á vinnuvélum í tuttugu ár og samfellt í fjórtán ár hjá Ístak og hefur verið trúnaðarmaður félagsmanna Eflingar sem vinna hjá fyrirtækinu síðastliðin tvö ár. Við hittum hann í grunni fyrir dælubrunn uppá Akranesi þar sem Ístak er að byggja dælustöð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Sigurður sagði að framkvæmdirnar hefðu hafist í vetrarbyrjun og um þrjátíu manns starfi við þær. Flestir eru félagsmenn í Eflingu og vinna sem tækjamenn og bílstjórar jöfnum höndum.

Aðspurður segir hann að dælustöðin tengist nokkrum dælubrunnum sem staðsettir verði í bænum. Hann segir líka að verkinu eigi að vera lokið að mestu í vor. En vegna ástandsins í þjóðfélaginu hafi verið rætt um að bíða með að leggja skolplögn frá dælustöðunni sem á að ná sex kílómetra út á haf.

Þegar Sigurður er spurður um launin segir hann að þau séu ágæt og þar verði að hafa í huga að þeir vinni langan

vinnudag. En ásamt því að vera tækjamaður sér hann um að keyra hluta af mannskapnum sem býr í Reykjavík uppá Skaga og leggur hann af stað í vinnuna fimmtán mínútur yfir sex á morgnana og er kominn heim á sjöunda tímanum á kvöldin.

Um vinnuaðstöðu og aðbúnað starfsmanna segir Sigurður að fyrirtækið sjái þeim fyrir vinnufatnaði og öryggisbúnaði og ef menn trassi að nota öryggisbúnað á vinnusvæði sé það brottrekstrarsök. Svo höfum við aðgang að vinnuskúr með salerni og aðstöðu til þess að skipta um föt og matast. Ístak hafi alltaf lagt mikið uppúr því að hafa vel útbúna vinnuskúra á vinnusvæðum fyrirtækisins.

Meðan ég lá sofandi á skurðarborðinu notuðu vinnufélagarnir tækifærið og kusu mig trúnaðarmann

Aðspurður um fjármálakreppuna segist hann finna fyrir hækkunum á matvöru og þjónustu eins og aðrir. Margir eru mjög illa settir fjárhagslega og þeim á að hjálpa með öllum tiltækum ráðum, segir hann.

Hvað varðar félagsstarf starfsmanna segir Sigurður að starfsmannafélag sé starfandi í fyrirtækinu og sjái m.a. um að halda árshátíð einu sinni á ári og skipuleggja leikhúsferðir. Þá á félagið tvö sumarhús í Húsafelli og þar hefur hann dvalið einu sinni. Mér leiðist að hanga lengi á sama stað og þarf alltaf að vera á hreyfingu og ég vil frekar fara uppá fjöll á jeppanum mínum og leika mér. Ég held að mér sé blóð borið að vera uppá fjöllum vegna þess að sem barn þvældist ég um hálendið með foreldrum mínum, segir Sigurður.

Ekki til af góðu.....

Sigurður varð trúnaðarmaður félagsmanna Eflingar á vinnustað sínum fyrir tveimur árum og hann segir að það hafi ekki komið til af góðu. Starfsmaður hjá

Eflingu hafði samband og spurði hvort að ég vildi taka að mér að láta kjósa trúnaðarmann á vinnustaðnum fyrir félagið. Ég sagðist vera reiðubúinn til þess en ég vildi bera málið undir vinnufélaga mína áður en gengið yrði til kosninga. Þeir tóku vel í þessa málaleitan. En áður en af kosningu gat orðið þurfti ég að fara

á sjúkrahús í axlaraðgerð og meðan ég lá sofandi á skurðarborðinu notuðu vinnufélagarnir tækifærið og kusu mig trúnaðarmann. Sigurður segir að lítið hafi reynt á trúnaðarmannastarfið enda sé mjög vel staðið að starfsmannamálum hjá Ístak. Hvað varðar uppsagnir starfsfólks segir Sigurður að fyrirtækið hafi

hagrætt á ýmsum sviðum í starfseminni í þeim tilgangi að reyna að halda þeim í lágmarki. En því miður hafi hópur fólks misst vinnuna á undanförunum vikum í kreppunni hjá fyrirtækinu og það sé sárt að ástandið á vinnumarkaðnum getur versnað á næstu mánuðum, segir hann.



Frá fyrsta stjórnarfundum sameinaðs félags í Eflingu þar sem Þórður Ólafsson og Jóna Sigríður Gestsdóttir komu inn í stjórnina

Sameining Eflingar og Boðans gengur hægt og hljótt

Kom til framkvæmda um áramótin

Um áramótin sameinuðust stéttarfélagin Boðinn og Efling-stéttarfélag. Það má segja að þessi breyting gangi hægt og hljótt fyrir sig, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar. Fólkið í fyrrum Boðanum á t.d. ekki að finna mjög mikið fyrir breytingunni hversdagslega þar sem skrifstofa Boðans í Hveragerði verður nú skrifstofa Eflingar-stéttarfélags á Suðurlandi. Þar er áfram sami starfs-

maður, Jóna Sigríður Gestsdóttir, sem félagsmenn Boðans þekkja af áralöngu og góðu starfi á skrifstofu félagsins. Þau Jóna Sigríður og Þórður Ólafsson ganga inn í stjórn Eflingar og sagði Sigurður mikinn feng af þessari stækkun og breikkun félagsins til Suðurlands.

Um áramótin komu til framkvæmda bráðabirgðaákvæði með lögum Eflingar en því fylgir að tveir stjórnarmenn koma frá fyrrum Boðanum inn í stjórn Eflingar og trúnaðarráð félaganna sameinast. Jafnframt koma fulltrúar fyrrum Boðans inn í helstu stjórnir og nefndir Eflingar. Sameinað trúnaðarráð hefur þegar kom-

ið saman einu sinni en það var á fundi ráðsins 10. febrúar sl. Þá hafa fulltrúar Boðans tekið sæti í nefndum og ráðum Eflingar og sækja þar fundi frá áramótum.

Allt síðasta ár var sameiningin undirbúin með margvíslegum hætti. Síðastliðið vor var ákveðið að hefja samstarf í orlofsmálum þannig að félagsmenn ættu gagnkvæman rétt á orlofshúsum. Á sama tíma var ákveðið að fjölmiðlun félagsins yrði sameiginleg og Fréttablað Eflingar yrði sent öllum félagsmönnum Boðans. Þá var hafið sameiginlegt starf í haust og síðan voru félagsskrár keyrðar saman í eitt félag um áramótin.

Jafnframt koma fulltrúar fyrrum Boðans inn í helstu stjórnir og nefndir Eflingar. Sameinað trúnaðarráð hefur þegar komið saman eftir sameininguna



Hagnýt ráð fyrir fólk

... í atvinnuleit?

Efling-stéttarfélag hefur fylgst vel með þróun á vinnumarkaðnum undanfarna mánuði og leitast við að aðstoða það fólk sem er nú tímabundið án atvinnu. Félagið hefur farið yfir alla þjónustu og úrræði sem það býr yfir með það að markmiði að réttindi þessara félagsmanna verði tryggð eftir því sem unnt er.

Mikið fræðslustarf er á boðstólum hjá Eflingu og samstarfsaðilum og er það sérstakt markmið að hafa nám sem sveigjanlegast og opnast fyrir fólk í atvinnuleit, hvort sem er um starfsmenntun eða annað nám að ræða. Þá hafa reglur sjúkrasjóðs, orlofssjóðs og önnur starfsemi félagsins verið skoðuð sérstaklega með það að markmiði að styrkja fólk í atvinnuleit. Hér eru nokkur þeirra úrræða sem félagsmenn geta sótt ýmist með því að gera námssamning við Vinnumálastofnun eða sækja um styrki hjá félaginu.

Allar nánari upplýsingar um námsleiðirnar eru á heimasíðunum sem vísað er til.

Þá hafa reglur sjúkrasjóðs, orlofssjóðs og önnur starfsemi félagsins verið skoðuð sérstaklega með það að markmiði að styrkja fólk í atvinnuleit

Vinnumálastofnun hefur safnað saman í eitt skjal öllu námi sem þeim sem eru án atvinnu stendur til boða á þeirra vegum.

vinnumalastofnun.is

Námsráðgjöf er mikilvægur þáttur í að finna hvað hentar hverjum og einum og er líka mjög gagnlegt tæki til að fá yfirsýn yfir hvað er í boði. Félagsmenn Eflingar geta fengið viðtal hjá námsráðgjafa sér að kostnaðarlausu.

mimir.is

Að hefja nám á ný eftir lengra eða styttra hlé getur reynst mörgum fullorðnum erfið ákvörðun. Þetta námskeið hjá Mími símenntun er í raun blanda af námsráðgjöf og undirbúningi undir það að taka upp þráðinn í námi.

mimir.is

Færnimappa, ferilskrá, hagnýt atriði í náms- og starfsleit og einstaklingsviðtal. Um er að ræða spennandi námskeið hjá Mími símenntun sem hentar vel þeim sem eru í atvinnuleit.

mimir.is

Byggingarliðanám fyrir starfsfólk í byggingariðnaði er námsleið sem er í boði hjá fræðslumiðstöðinni Iðunni. Námið er á dagtíma og hentar því vel þeim sem hafa starfað við mannvirkjagerð og vilja styrkja sig til starfa í þeirri grein.

idan.is

Landnemaskólinn er nú í boði á dagtíma. Hann er fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur náð nokkru valdi á íslensku, hefur t.d. lokið 150 stunda íslenskunámi. Í Landnemaskólanum er lögð áhersla á íslenskt talmál, þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi.

mimir.is

Aftur í nám er ætlað þeim sem komnir eru af unglingaaldri og eiga við lestrar- og skriftarörðuleika að stríða.

mimir.is



Spennir leikskólaliðar

Læra um sérþarfir barna

Stórkostlegt að finna eftirvæntinguna, segir Sigurrós Kristinsdóttir

Mikill spennningur var hjá þeim átján leikskólaliðum sem voru mættar í gamla Stýrimannaskólann við Öldugötu á dögnum til þess að hefja nám um sérþarfir barna á leikskólum. Markmiðið með náminu er að starfsfólk leikskólanna fræðist um þann fjölbreytta hóp sem fellur undir skilgreininguna börn með sérþarfir og geti þannig aukið hæfni sína í starfi, segir Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar, sem var með

leikskólaliðunum um stund fyrsta skóladaginn. Það er stórkostlegt að finna eftirvæntinguna og þann mikla áhuga sem kom fram hjá hópnum, segir hún.

Um er að ræða 54ra stunda nám þar sem sjónum er einkum beint að þeim börnum leikskólanna sem eru með sérþarfir og þurfa þess vegna öðruvísi nálgun og þjónustu en almennt gerist. Mjög mikilvægt er að efla þann skilning og faglegu þekkingu sem þarf að vera til staðar í leikskólunum til að öll þau börn sem eiga rétt á þjónustu þeirra fái notið skólagöngu sinnar sem skyldi og fái þá örvun og umönnun sem nauðsynleg er. Námskeið sem þetta er mikilvægur þáttur í því að efla þessa þætti í starfi leikskólanna, segir Sigurrós.

Mjög mikilvægt er að efla þann skilning og faglegu þekkingu sem þarf að vera til staðar í leikskólunum til að öll þau börn sem eiga rétt á þjónustu þeirra fái notið skólagöngu sinnar sem skyldi

Til marks um það hversu mikla áherslu Leikskólasvið Reykjavíkurborgar leggur á að styrkja þessa þætti í skólastarfinu hefur verið samþykkt að námið fari að fullu fram á dagvinnutíma og eiga forsvarmenn Leikskólasviðs hrós skilið fyrir að veita náminu brautargengi með þessum hætti.

Unnin hefur verið námsskrá þar sem uppsetning námsins miðast við að leikskólaliðar fái sem besta yfirsýn yfir fjölbreyttar þarfir barnanna sem þurfa sérstaka aðstoð, hvaða úrræði standa þeim til boða og hvernig best sé að vinna með börnunum.

Framhaldsnám fyrir leikskólaliða um sérþarfir barna á leikskólum hefur verið unnið í nánú samstarfi Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, faghóps leikskólaliða hjá Eflingu stéttarfélagi og Mímis símenntunar. Efling vill nota tækifærið og þakka þessum aðilum fyrir mjög gott samstarf og sérstakar þakkir til Kristínar J. Sigurjónsdóttur sem hafði veg og vanda af námsskrárskrifunum.



Bóndi, ræstingarkona og sjúkralíði...

Uppgjöf var aldrei í myndinni

-segir Rósa Haraldsdóttir

Rósa Haraldsdóttir hefur komið víða við í atvinnulífinu og flest störfin hafa verið á samningssviði Eflingar. Bæði sem starfsmaður við umönnun á Seljahlíð, þríf og ræstingar hjá Háskóla Íslands og á fleiri stöðum. Hún hefur ekki látið veikindi og slys stöðva sig og stöðugt sótt fram á við og hvert verkefnið hefur tekið við af öðru. Þegar hún lét af bústörfum og

flutti til Reykjavíkur fyrir tæpum áratug fékk hún fyrst vinnu hjá Íslandsflugi við að þrífa flugvélar. Ári seinna var öllu starfsfólkinu sagt upp. En áður en klukkustund var liðin hafði hún fengið vinnu við ræstingar hjá Háskóla Íslands og síðustu árin hefur hún unnið við þau störf í Lyfjafræðideildinni. Vorið 2000 hóf hún störf við umönnum á Hjúkrunarheimilinu

Seljahlíð og þau störf hafa fylgt henni síðan.

Sumarið 2006 varð vendipunktur í lífi Rósu. Þá sá hún auglýst nám fyrir umönnunarstarfsmenn á Sjúkraliðabrá í Fjölbrautarskólanum í Ármúla. Hún ákvað að sækja um ásamt þremur samstarfsskonum og þær útskrifuðust tveimur árum seinna. Nokkrir karlmenn voru

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega
www.et.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502

í hópnum en konur voru í miklum meirihluta og meðalaldur nemenda var rúm fjörutíu og átta ár.

Erfiður og langur vinnudagur með námi

Rósa segir að námið hafi verið krefjandi og að líffæra- og lífeðlisfræði og hjúkr- un og sjúkdómsfræði hafi verið meðal námsgreina. Skóladagarnir byrjuðu á því að ég kom heim að morgni af næturvakt og svaf fram að hádegi. Síðans hófst skólinn klukkan þrjú og þegar honum lauk fór ég að skúra. Að því loknu fór ég heim og lagði mig og var mætt á næturvaktina um miðnætti. Hún segir líka að hluti af náminu hafi verið verklegt og nemendurnir hafi heimsótt fjóra vinnustaði, einn á hverri önn. Verknámið gekk mjög vel og við fengum mjög góða leiðsögn hjá frábærum leiðbeinendum og kennararnir í Ármúlaskólanum stóðu sig líka mjög vel.

Aðspurð hvort að það hafi aldrei hvarlað að henni að gefast upp, segist Rósa aldrei hafa leitt hugann að því.

15 ára við störf á Kópavogshælinu og síðar á Grund

Ég fór í sumarvinnu við umönnun á Kópavogshælinu þegar ég var fimmtán ára og að loknu gagnfræðaprófi var ég fastráðin. Árið 1963 eignaðist ég mitt fyrsta barn. Það var drengur og þegar hann var sex mánaða fór ég að vinna á Elliheimilinu Grund í hálf ár. Þá bauðst mér að fara á samning og læra gleraugnagerð. En ekki gat orðið af því vegna alvarlegs bílslyss sem ég varð fyrir. Ég brotnaði m.a. á sex stöðum á mjaðmargrindinni og lá á Landakoti í sjö vikur. Rósa segir að dvölin á sjúkrahúsinu hafi orðið til þess að hún missti samninginn og hafi glímt við afleiðingar slyssins í langann tíma. En þegar í ljós kom að ég fengi greiddar slysabætur varð tilveran bærilegri, segir hún.

Bóndi á Eyjarhólum í Mýrdal

Í framhaldinu ákvað Rósa að fara í hús- mæðraskóla á Blönduósi og átti þessi ákvörðun eftir að verða örlagavaldur í lífi hennar. Ég kynntist eiginmanni mínum Birni Þorlákssyni, mjólkurfræðingi á Blönduósi. Hann vann í Mjólkursam- laginu og við bjuggum á Blönduósi til ársins 1974. En þá tók við nýr kafli í lífi okkar þegar við fluttum á jörðina Eyj- arhóla við Pétursey í Mýrdalnum. Björn hafði lengi stefnt að því að hefja búskap og þarna gafst honum ágætt tækifæri til þess að láta draum sinn rætast. Björn



Björn Þorláksson og Rósa Haraldsdóttir



Hrossabúskapur er ennþá stundaður á Eyjarhólum

vann við bústörfin en ég sá um hússtörf- in og börnin sem urðu alls sex. Aðspurð um bústöfninn segir Rósa að þau hafi verið með um fjögur hundruð fjár þegar mest var og ræktað hross og selt. Við vorum líka með kartöflurækt og þegar hún lagðist af leigðum við Stefáni frá Dyrhólaey kartöflugarðana. Hann var landlaus og við unnum hjá honum við framleiðslu á grænmeti. Stefán var m.a. þekktur fyrir framleiðslu á gulrótum sem þóttu afbragðs góðar.

Bústörfin ekki í uppáhaldi

Um bústörfin segir Rósa að þau hafi ekki verið í uppáhaldi hjá sér en hún hafi tekið þátt í þeim þegar þess þurfti. Ég var ein með féð og hrossin í tvo vet- ur en þá vann Björn á Selfossi og keyrði á milli daglega, eitthundrað og fimm- tán kílómetra hvora leið. Það snjóaði mikið báða veturna og þá kom sér vel

að þegar ég fór í fjárhúsið að gefa kind- unum, kallaði ég á hrossin sem komu á harðaspretti og tróðu slóð að fjárhúsinu og gamla bænum þar sem gemlingarnir voru til húsa. Hrossin brugðust svona við kallinu vegna þess að þau voru vön að fá heytuggu við húsin.

Árið 1994 veiktist Björn alvarlega og börnin okkar dvöldu hjá honum síðustu mánuðina. Þegar hann lést tók sonur okkar við búinu og ég bjó hjá honum og sótti vinnu í Vík í Mýrdal, áður en ég flutti til Reykjavíkur.

Aðspurð hvort að það hafi aldrei hvarlað að henni að gefast upp, segist Rósa aldrei hafa leitt hugann að því



Herdís Stephensen og Íris Dögg Jóhannesdóttir stjórna verkefninu á Leikskólanum Mánagarði. Sigríður Stephensen er á innfelli myndinni

Áherslur í Leikskólum stúdenta

Virkt nám og jákvæð samskipti

- einkenna High/Scope aðferðina, segir Sigríður Stephensen

Á Leikskólum stúdenta starfa 49 félagsmenn Eflingar. Í starfsmannastefnu Félagsstofnunar stúdenta, sem á og rekur Leikskóla stúdenta, er lögð áhersla á símenntun og starfsfólk er hvatt til að sækja nám og námskeið sem því stendur til boða. Sex starfsmenn leikskólanna hafa lokið leikskólaliðanámi og tveir þeirra stunda nú framhaldsnám leikskólaliða sem Efling býður upp á. Fyrir tilstuðlan fjarnáms og stuðningi frá FS og Eflingu eru tveir starfsmenn skólanna nú orðnir leikskólakennarar. Tveir af reyndustu starfsmönnum Leikskóla stúdenta, annar leikskólakennari en hinn leikskólaliði, hafa umsjón með innleiðingu High/Scope stefnunnar í skólana. Þetta segir Sigríður Stephensen hjá Leikskólum stúdenta.

Á vormánuðum 2007 var hafist handa og haft samband við „High/Scope Educational Research Foundation“ og óskað eftir að fá fyrirlæsara/kennara til

Sex starfsmenn leikskólanna hafa lokið leikskólaliðanámi og tveir þeirra stunda nú framhaldsnám leikskólaliða sem Efling býður upp á

landsins til að halda fyrirlestur og námskeið um aðferðina. Í framhaldi af því kom Shelley Nemeth, High/Scope kennari, til landsins og hélt fyrirlestur á málþingi sem Leikskólar stúdenta stóðu fyrir í febrúar 2008. Að auki hélt hún tveggja daga námskeið fyrir starfsfólk leikskólanna um High/Scope stefnuna. Nú þegar hafa umsjónarmenn verkefnisins sótt fjögurra vikna þjálfunarnámskeið í höfuðstöðvum High/Scope í Bandaríkjunum. Námskeiðið er í heild sjö vikur og að því loknu munu þeir þjálfar annað starfsfólk leikskólanna. Einnig kom Shelley Nemeth, sem hefur haft yfirumsjón með náminu, til landsins nú í janúar og tók út leikskólana og starfið sem þar en nú unnið auk þess

sem hún gaf leiðbeiningar um áframhaldandi vinnu. Fengu skólarnir góða umsögn og starfsfólkið því bjartsýnt á framhaldið.

Um hvað er high/scope stefnan?

High/Scope stefnan leggur ríka áherslu á virkt nám. Persónulegt frumkvæði og jákvæð samskipti fullorðins og barns er það sem býr að baki virku námi barna. Virkt námsumhverfi býður upp á að börnin hafi val og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Með því að gera börn að virkum þátttakendum í eigin námi og veita þeim stuðning þróa börnin með sér frumkvæði og félagslegan vilja sem hefur jákvæð áhrif á þau í frekara námi og ákvarðanatöku í lífinu.

Fimm þættir sem ramma High/Scope stefnuna inn

- Virkt nám
- Jákvæð samvinna fullorðina og barna
- Barnvænt námsumhverfi
- Dagskipulag
- Vinnuhópar sem framkvæma mat og gera einstaklingsáætlanir

Kanna, spyrja, handfjatla, gera mistök og leysa þrautir

Kraftur virka námsins sprettur af frumkvæði barnsins. Virkni felst í að kanna, spyrja, handfjatla, gera mistök, leysa þrautir og finna viðeigandi markmið í samræmi við aldur og þroska. Í verkefnavinnu sem er ýmist skipulögð af kennara eða barninu sjálfu verður barnið að takast á við þessa þætti og um leið eiga í miklum samskiptum við kennara og aðra nemendur. Sjálfmynd barnsins styrkist og víðsýni þess eykst. Virkt nám byggir á samskiptum og þar styður kennarinn við barnið, leiðbeinir og virkjar sjálfstæði þess.

Með því að upplifa hluti frá fyrstu hendi og íhuga þá reynslu, lærir barnið að

byggja upp þekkingu og öðlast þannig skilning á “sínun” heimi. Lögð er áhersla á að barnið skipuleggi vinnu sína sjálft með stuðningi kennarans. Þegar

börn fylgja áætlunum sínum eftir fara þau í gegnum reynslu; sköpun, samskipti við aðra, efni og hugmyndir sem allt ýtir undir alhliða þroska barnsins.

Um Leikskóla stúdenta

Félagsstofnun stúdenta á og rekur tvo ungarnaleikskóla, Sólgarð og Leikgarð, fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 2ja ára og eru þeir eingöngu fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands. Rekstrarsamningur er á milli Félagsstofnunar stúdenta og Reykjavíkurborgar hvað leikskólann Mánagarð varðar en þar eru börn á aldrinum 2 – 6 ára og eru um 80% þeirra börn stúdenta.

Í ljósi þeirrar umræðu og kröfu í samfélaginu um fjölgun ungarnaleikskóla er ljóst að marka þarf skýra stefnu þessa skólastigs og brúa það bil sem myndast á milli mismunandi leikskólastiga líkt og unnið hefur verið að á milli leik- og grunnskóla á síðustu árum. Því ákváðu Leikskólar stúdenta að vinna samkvæmt sömu stefnu frá 6 mánaða til 6 ára þannig að samfella yrði í skólagöngu barnanna fram að grunnskóla. Nánari upplýsingar um High/Scope aðferðina má finna á vefslóðinni www.highscope.org



Höfuðstöðvar Mímis símenntunar í Faxafeni 8

Taktu **föstudaginn 6. mars** frá!!!!

MenntunarÚrræði á markaðstorgi

Tökum föstudaginn 6. mars frá og helgum daginn þekkingu og menntun fyrir framtíðina!!!

Föstudaginn 6. mars verður opið hús í Skeifunni 8 frá kl. 14-18 en þar munu ýmsir fræðsluaðilar kynna nám og ýmis úrræði fyrir fólk í atvinnuleit sem hafa stutta formlega menntun. Þessi viðburður, sem hefur fengið nafnið Markaðstorg – menntunarúrræði, fer nú fram í fyrsta skipti en breyttar aðstæður í

íslensku efnahagslífi hafa orðið til þess að atvinnuleysi hefur aukist gríðarlega á síðustu mánuðum.

Atvinnuleysi hefur aukist einna mest hjá þeim sem hafa skamma skólagöngu að baki og á Markaðstorginu munu einmitt fjölmargir fræðsluaðilar kynna hversu

fjölbreytt úrræði standa þessum stóra hópi til boða. Boðið verður upp fjölbreytta dagskrá eins og t.d. örnámskeið, kynningar á námi og ýmsum möguleikum, viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum og fleira sem verður á boðstólum.

Nú er tækifærið að merkja í dagatalið. Tökum föstudaginn 6. mars frá og helgum daginn þekkingu og menntun fyrir framtíðina!!!

**Engar bókanir. Engin núll.
Bara mæta!!!!!!**



Menntun fyrir leikskólafólk

Mikil aðsókn að fagnámskeiðum

-segir Sigurrós Kristinsdóttir

Fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla verða haldin í maí og júní en að sögn Sigurrósar Kristinsdóttur er jafnan mikil aðsókn að fagnámskeiðunum. Við erum stolt af því hve starfsfólk í Eflingu er duglegt að afla sér menntunar og Leikskólasvið borgarinnar hefur stutt okkur dyggilega í þessu, segir hún.

Sú breyting hefur orðið á að nú er hvort námskeið um sig 100 stundir sem áður var skipt í fjóra hluta. Námið er skipulagt í samvinnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Eflingar stéttarfélags og Mímis-símenntunar og er kennt samkvæmt námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þar sem námið fer fram á vinnutíma

þurfa þátttakendur að fá samþykki frá leikskólastjóra fyrir því að taka þátt. Einnig er mikilvægt að fram komi við skráningu hvort fólk hafi tekið einhver fagnámskeið áður.

Til að hefja nám í Leikskólabró þarf einstaklingur að hafa lokið báðum fagnámskeiðum, hafa þrígga ára starfsreynslu og vera orðinn 22 ára.

Mikil aðsókn hefur verið í Leikskólabrúnnu og eru nú útskrifaðir 123 Leikskólaliðar og 57 í námi. Í janúar fór af stað nám fyrir leikskólaliða um sérþarfir barna og var það mikil aðsókn í námið að kominn er biðlisti fyrir haustið.

Hvenær eru næstu fagnámskeið???

Fagnámskeið I verður 4.–19. maí
Fagnámskeið II verður frá 25. maí–11. júní

Skráning fer fram hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 510 7500.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Það þarf engin töfrabrögð til að tvöfalda lífeyrissparnaðinn!

Leggðu heldur fyrir í séreignarsjóð og þá mun launagreiðandinn greiða sömu upphæð á móti og þar með tvöfaldast sparnaðurinn þinn strax



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007 af tímaritinu IPE





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Hver sáði fræinu?

Jóhanna Sigurðardóttir sem nú hefur tekið við sem forsætisráðherra á sína pólitísku ættarsögu úr Alþýðuflokknum og verkalyðshreyfingunni. Sjálf var Jóhanna í forystusveit flugfreyja á sínum tíma en amma hennar, Jóhanna Egilsdóttir var formaður í Verkakvennafélaginu Framsókn í nærfellt þrjá áratugi. Það er vel við hæfi að rifja upp nokkur æviatriði í sögu þessarar merku konur. Efling sendir Jóhönnu hlýjar kveðjur á þessum tímamótum og óskir um velfarnað og gæfu í erfiðum verkefnum framundan.

Jóhanna Egilsdóttir barðist af hörku við atvinnuleysi og óréttlæti og var knúin áfram af réttlætistilfinningu og sterkum vilja til hjálpar og úrbóta fyrir sitt fátæka verkafólk. Á þeim tíma sem hún var að stíga sín fyrstu spor í verkalyðs- og stjórnmálabaráttu var þjóðin einmitt

Á þeim tíma sem hún var að stíga sín fyrstu spor í verkalyðs og stjórnmálabaráttu var þjóðin einmitt að glíma við alvarlega efnahagskreppu eins og nú er

að glíma við alvarlega efnahagskreppu eins og nú er. Sú ógæfa sem verst kemur við okkur er atvinnuleysi. Atvinnuskorturinn er undirrót vanmáttar, kvíða, fátæktar, vonleysis og skorts. Það er ekkert gott við atvinnuleysi. Ekkert. Nú þegar eru komin á sautjándra þúsund manns á atvinnuleysisskrá og búist er við að fjölgi fremur en fækki.

Jóhanna Egilsdóttir fæddist að Hörglandskoti á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu þann 25. nóvember 1881. Hún lést 5. maí 1982.

Jóhanna var ein af sterkustu drifkröftunum í Verkakvennafélaginu Framsókn sem var eitt af félögunum sem sameinuðust síðar í Eflingu-stéttarfélagi. Hún var kjörin deildarstjóri 1917, þá nýkominn í félagið, varaformaður 1923 og formaður var hún frá 1935 til 1962. Sína löngu starfsæfi barðist hún fyrir réttlæti og bættum kjörum. Verkakvennafélagið Framsókn var stofnað 1914 og fylgdi Jóhanna því félaginu á einu erfiðasta tímabili í sögu verkalyðsfélaganna í Reykjavík.

1980 kom út bók um Jóhönnu: Nútíu og nú ár. Jóhanna Egilsdóttir segir frá. Gylfi Gröndal ritaði bókina og Setberg gaf út.

Hér er stuttur kafli úr bókinni sem gefur skýra hugmynd um réttlætiskennd Jóhönnu og hvað hún og félagar hennar í verkalyðshreyfingunni þurftu að fást við. Við gefum Jóhönnu sjálfri orðið.

Hver sáði hatursfræinu?

Ég þekkti unga stúlku sem flutti til Reykjavíkur utan af landi. Þá var erfitt að fá vinnu. Hún réðist sem vinnukona til verkstjóra nokkurs. Hann réði hana síðan í aðra vinnu. Þar tók hún á móti fjörutíu og fjórum krónum og fór með þær til húsbónda síns í lok hverrar einustu viku. Hinsvegar greiddi hann henni umsamið kaup, fjörutíu og fimm krónur – fyrir mánuðinn. Þessi stúlka fór til vinnu sinnar um rismál á hverjum degi. Í hádeginu þurfti hún að kaupa til heimilisins, þvo upp og þjóta síðan í fiskvinnuna. Á kvöldin sótti hún vatn í bæinn, skúraði gólf og tók til.

Frúin var of fín til að vinna.

Einu sinni hitti ég þessa stúlku á fundi. Hún var þá gift og undi hag sínum hið bezta. Gamli húsbóndinn hennar var nýlega látinn og hún sagði við mig; Jæja þá er karlrasinn loksins dauður. Síðan rak hún upp skellihlátur. Ég vona að þetta dæmi nægi til að gefa hugmynd um það ástand sem hér ríkti, áður en alþýðusamtökunum óx fiskur um hrygg.

Ef til vill saka einhverjir þessar konur um kulda og hatur.

En þá spyr ég.

Hver sáði hatursfræinu?



Atvinnuleitendur í Eflingu

Mánaðarlegur styrkur í líkamsrækt

Efling-stéttarfélag býður nú þeim félagsmönnum sínum sem eru í atvinnuleit styrk til heilsuræktar sem nemur allt að 2000.- kr á mánuði gegn afsláttarkortum á mörgum líkamsræktarstöðvum

á höfuðborgarsvæðinu. Þetta úrræði er til hliðar við aðra heilsuræktarstyrki Sjúkrasjóðs Eflingar og hluti af ramma-samkomulagi sem ASÍ hefur gert við líkamsræktarstöðvar.

Regluleg hreyfing undirstaða heilbrigðis

Mikill fjöldi launafólks hefur misst vinnuna í kjölfar efnahagsþrenginganna síðustu mánuði og ljóst er að atvinnuleysi verður mikið á næstunni. Efling-stéttarfélag telur mikilvægt að styðja við bakið á félagsmönnum sínum sem misst hafa vinnuna. Færðar hafa verið sönnur á að virkni og regluleg hreyfing eru mikilvæg undirstaða heilbrigðis við slíkar aðstæður. Af þessum ástæðum gerðu ASÍ og Samtök heilsuræktarstöðva samkomulag um stuðning og sérkjör fyrir atvinnuleitendur. Samkomulagið gildir fyrir tímabilið frá 06.02.2009 til 31.12.2009. Félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags sem misst hafa vinnuna stendur nú til boða mánaðarkort á sérkjörum með stuðningi félagsins. Algengasta verð til félagsmanns er frá 1.500 til 2.000 kr. á mánuði.

Skilyrði styrkveitingar frá Sjúkrasjóði Eflingar er að atvinnuleitandi greiði félagsgjald af atvinnuleysisbótum sínum til Eflingar-stéttarfélags.

Til að njóta þessara kjara þarf umsækjandi að fylla út umsókn á skrifstofu Eflingar og koma með nýjasta greiðsluseðil frá Vinnumálastofnun. Félagsmaður sem hefur skráð sig hjá Vinnumálastofnun en bíður útborgunar þar, skal skila ljósriti af skráningarpappírnum þar sem fram kemur að hann kjósi að láta draga af félagsgjald til Eflingar. Starfsmaður Eflingar samþykkir styrkbeiðnina og áritar umsóknina, sem sjóðfélagi skilar síðan til heilsuræktarstöðvar. Viðkomandi heilsuræktarstöð sendir síðan reikning mánaðarlega til Eflingar-stéttarfélags, þar sem fram kemur nafn og kennitala þátttakanda, tímabil þátttöku og upphæð mánaðarkorts.

Á skrifstofu félagsins er jafnframt hægt að fá allar frekari upplýsingar um verð og aðra skilmála hjá mismunandi heilsuræktarstöðvum.

Styrkur Eflingar-stéttarfélags fyrir hvern þátttakanda er allt að kr. 2.000.- á mánuði.

Atvinnulausir félagsmenn Eflingar, sem greitt hefur verið af í a.m.k. 6 mánuði samfelld eða lengur, eiga að öðru leyti rétt til allra annarra styrkja sem í boði eru hjá Sjúkrasjóði Eflingar. Nánari upplýsingar á „efling.is“ eða á skrifstofu félagsins.

Stöðvarnar sem veita afslátt af mánaðarkorti og þessi styrkur nær til eru:

Árbæjarþrek	Fylkisvegi 6, Reykjavík
Dansrækt JSB ehf.	Lágmúla 9, Reykjavík
Heilsuakademían ehf.	Egilshöll og Mosfellsbæ
Hress	Dalshrauni 11 og Ásvöllum 1, Hafnarfirði
Hreyfing	Álfheimum 74, Reykjavík
Kraftganga	Lækjargötu 4, Reykjavík
Nordica Spa	Suðurlandsbraut 2, Reykjavík
World Class Laugar og önnur útibú World Class.	
Lífsstíll	Vatnsnesvegi 12, Reykjanesbæ
Bjarg ehf.	Bugðusíðu 1, Akureyri
Orkubúið	Hafnargötu 28, Grindavík.
Toppsport ehf	Gagnheiði 43, Selfossi

Efling og Starfsafl heimsækja Loftorku

Frábært framtak í starfsmenntun

-segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls



Áhugasamir starfsmenn Ístaks kynna sé bækling um námsmöguleika

Loftorka hf hefur verið traust fyrirtæki um langt skeið en hefur þurft að sjá fram á erfiða verkefnastöðu eins og fleiri verktakafyrirtæki. Fyrirtækið hefur um langt skeið lagt áherslu á menntun og þjálfun starfsmanna. Nýverið styrkti Starfsafl GPS námskeið fyrir starfsmenn en GPS tæki eru nú orðin nokkuð algengur búnaður á jarðvinnuvélum Loftorku. Með þeirri tækni má fá vandaðri og betri jarðvinnu með tækjunum.

Efling og Starfsafl héldu fund nýverið með starfsmönnum Loftorku og var hann vel sóttur. Starfsmenn Eflingar og Starfsafls fóru yfir starfsmenntamálin, hvaða styrkir standa til boða fyrir félagsmenn Eflingar og bent var á ýmis námskeið og fræðsluaðila sem Starfsafl hefur átt sérstaklega gott samstarf við. Ennfremur gerði Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar, grein fyrir ýmsum öðrum málum sem Efling stéttarfélag vinnur að til hagsbóta fyrir félagsmenn sína t.d. orlofsmálum og sjúkrasjóði.

Fundir eins og þessir eru mjög mikilvægir og fyrir okkur sem vinnum að hagsmunamálum félagsmanna er algerlega nauðsynlegt að hitta menn á þeirra heimavelli og ræða málín. Við viljum gjarnan koma sem mest á vinnustaði, oft var þörf en nú er nauðsyn, sagði Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar um fundinn hjá Loftorku. Loftorka hefur sýnt

frábært framtak í starfsmenntamálum og við viljum endilega vinna áfram með þeim og starfsmönnum þeirra, sagði Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls við fréttablað Eflingar, en hann spjallaði einnig við fundarmenn ásamt Atla og Valdísi Steingrímssdóttur, verkefnastjóra Starfsafls.



Við viljum gjarnan koma sem mest á vinnustaði, oft var þörf en nú er nauðsyn



IDAN og Efling í samstarf

Rétti tíminn til að efla menntunina

- segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri

Það skiptir miklu máli að starfsmenn í byggingariðnaði noti einmitt núna þann tíma sem gefst til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með því að efla menntun sína, segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar. Við erum mjög ánægð með að IDAN fræðslusetur hefur brugðist við af krafti og bjóði upp á úrræði fyrir okkar fólk. Þetta samstarf IDUNNAR, Eflingar og Starfsafls á eftir að aukast enn meira og leiðir vonandi til fjölda námstilboða fyrir starfsmenn í byggingariðnaði, segir hann.

Efling stéttarfélag, IDAN fræðslusetur og Starfsafl hafa aukið samstarf sitt í því

skyni að bjóða og kynna lausnir fyrir almenna starfsmenn í byggingariðnaði. Byggingariðnaðurinn er í öldudal eins og er, og því um að gera að nýta tímann til náms, með stuðningi Starfsafls. Ýmis námstilboð eru í bígerð og verða kynntar hér í fréttablaði Eflingar og á vefsíðunni jafnóðum og þær líta dagsins ljós.

IDAN hyggst bjóða upp á byggingarliðanám sem nýta má áfram inn í iðnskóla og framhaldsskóla. Námið miðast við þá sem ekki hafa fagnám í byggingargreinum að baki en hafa reynslu af störfum í byggingariðnaði. Námið hefst 3. mars og verður kennt á þriðjudögum

og fimmtudögum í mars, alls 8 skipti í fjórar vikur.

Námið er metið til eininga á framhaldsskólastigi. Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur, s. 590 6400 og frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu IDUNNAR (www.idan.is), Eflingar stéttarfélags (www.efling.is) eða hjá Starfsafl (www.starfsafl.is).

IDAN hyggst bjóða upp á byggingarliðanám sem nýta má áfram inn í iðnskóla og framhaldsskóla. Námið miðast við þá sem ekki hafa fagnám í byggingargreinum að baki en hafa reynslu af störfum í byggingariðnaði



Þegar spurt er um hitakerfi er svarið: "Já, Danfoss er með lausnina fyrir þig"

Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar - hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins
Danfoss hf. • Skútvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • vefang: www.danfoss.is

Danfoss

Endurfundir

Fornleifarannsóknir styrktar af
Kristnihátíðarsjóði 2001–2005

Nú stendur yfir sýningin *Endurfundir* í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin kynnir fornleifarannsóknir sem Kristnihátíðarsjóður styrkti og framkvæmdar voru á mörgum helstu sögustöðum þjóðarinnar á árunum 2001–2005. Á sýningunni má sjá úrval þeirra gripa sem fundist hafa hingað til við rannsóknirnar, en mörgum þeirra er enn ólokið. Sýningunni er ætlað að höfða til allra aldurshópa.

Nánar um sýninguna:

Grunnhugmynd sýningar og sýningararrýmis byggir á endurfundum við samevrópska menningu á Íslandi, með klaustrið sem miðstöð kristinnar íhugunar og menningarstarfa í brennipunkti. Rýmismynduninni er ætlað að minna á klausturgarð og krossgang í klastrum þar sem er ferningslaga garðrými í miðju, umlukid bogagöngum. Garðurinn og krossgangurinn eru rými íhugunar en einnig grafreitir og þaðan er séð og gengið til annarra staða utan klaustursins.

Auk gripanna sem fundust við rann-



sóknirnar verður hægt að skoða mynda-sýningar frá uppgröftunum og þess utan er boðið upp á fræðsluspor fjölskyldunnar um sýninguna, hljóðleiðsögn og ýmislegt skemmtilegt fyrir yngstu gestina.

Kristnihátíðarsjóður var stofnaður til að minnst þess að 1000 ár voru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Hlutverk sjóðsins var tvíþætt: Annars vegar var honum ætlað að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn. Hins vegar var hlutverk sjóðsins að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar og varð það mikil lyftistöng fyrir fornleifarann-

sóknir í landinu.

Í tengslum við sýninguna er gefin út bók með greinum fornleifafræðinganna um rannsóknir þeirra. Þessi bók hefur að geyma mikinn fróðleik um uppgreftina og myndir af ýmsum þeim munum sem þar fundust. *Endurfundir* fæst í safnbúð Þjóðminjasafnsins.

Að auki hefur verið komið upp fræðsluvef með ýmsum textum og leikjum, sem er ætlað að vera áhugasömum til fróðleiks og ánægju.

Nánari upplýsingar má fá á vef sýningarinnar: www.thjodminjasafn.is/endurfundir

ÞÚ TRYGGIR EKKI EFTIR Á

ERTU AÐ TAPA RÉTTINDUM?

Með því að greiða félagsgjaldið
viðheldur félagsmaður
réttindum sínum hjá félaginu

Allar líkur eru á því að margt launafólk geti staðið frammi fyrir uppsögnum á næstu vikum og mánuðum. Mikilvægt er að minna á að þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkrabjálfunar og menntunar félagsmanna.

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur eða greiðslur í fæðingarorlofi hjá fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað um greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði eða hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum.

Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum tapast því mikilvæg réttindi.

	TEXTI MYND- AR	SMÁ- FUGL ÞYNGD	ENFRA 'ATT	ÞJAK- ADUR SÞREK	TALA	SKRIFA HÖA SER	KÁTAR RUGL MULDRA	SNAGA ENAUÐ- AR	DEIGRI				
FORM- FESTA				3									
KVEN- FUGL		13			GERÐIN ÞÚEÍ FLAN ÞÖKULL								
HITAR SKAMM- IR													
FJALLS- TINDAR EDA							6			GED	MUNDA EKKI VISS	'ATT	HESTUR SLANGT GAT
VAGG- AÐI RUGL											2		
KONA KARL- FUGL										FJÖLDI ILLI SKREF			
KONA	+			10		STRAX TIL- EFNI						ELFA HALA- RÖFAN	
SANTÖK			HEILAR TITILL							STAFUR AFLIÐ SÆLU			
		LINNIR DUND ELDUR										12	
GORT TRJÓNA	+					9							
HEÐJA			TALA STEFNA END- AÐI		SVIK SUND			SAMTAL HAFRA LUNÐAN					
LENGD KVISL ÞYNGD										'ATT HAF			
TALA		'ATT LITVEG- AR		UR- TÖLUR SVARA				4				ELUFA PILT	
HÖGG		7				MEIN SÖMUK STÚKA							
'A	←				'ATT ÞÖGG- UN		TRÍHL.		VIÐ- KVEMT FUGL			8	
	→	STAFUR											
HRÓÐ- UR HNOTT- UR	1							AVILDI ATHUGA			5		
RUGL SEF KVEIK- UR													11
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.
Svar þarf að berast fyrir 6. apríl nk.



Vinningshafi

Sigurður Einar Kristinsson hafði heppnina með sér

Vann 15.000 krónur

Sigurður Einar Kristinsson hlaut vinning að upphæð 15.000 krónur fyrir rétta lausn í krossgátu síðasta Eflingarblaðs. Hann er í Vestmannaeyjum og fær hamingjuóskir frá Eflingu.

Lausn síðustu krossgátu

	⊕		Þ				Ó	
		D	O	K	G	A	D	M Á
		H	E	R	R	A	A	N A R
		S	S	A		S	N	A G I
		E	T	N	A		G	L I T
	↓			R	E	I	K	U L L A
M	Æ	L	I	S	T	I	K	A L A K
Á	T	A	L	I		N	A	Í Æ F
	L	U	K	K	A		R	Ú M T A K I
	A	S	I	I	Þ	N	A	Ð U R U M
Ö	R	N		L	E	I	F	N A P R I
	Ð		S	E	I	Þ	L	Á I J N
A	U	M	L	Y	N	D	A	S K A F A
	↓	E	I		S	I	N	A S A K I
	A	L	F	A		M		M A R K R E
A	Ð	A	S	T	Ö	M		B R A U Ð I
	⊕	S	I	T	J	A	⇒	Á ⚡ K R Í M
F	L	Ó	N		Á	N	Ó	T R Ú M U
	Ó	L	U	N	D		S	T E L K U R
A	F	S	K	R	Æ	M	I	S L E G U R

**LAUSNARORD:
AFSKRÆMISLEGUR**



Kaffiboð eldri félagsmanna

Hið árlega kaffiboð fyrir Eflingarfélagi 70 ára og eldri verður haldið sunnudaginn 8. mars nk. Boðið verður á Broadway að venju og hefst kl. 15.00. Húsið opnar kl. 13.30. Auk þess sem boðið verður upp á kaffi og meðlæti verða fjölbreytt skemmtiatriði og leikið fyrir

dansi. Miðar verða afhentir á Broadway daganna 2., 3., og 4. mars n.k. frá kl. 12.00 – 17.00 eins og undanfarin ár. Þar sem takmarkaðu fjöldi kemst að gildir sú regla að fyrstir koma fyrsti fá. Bréf hafa verið send út til félagsmanna á þessum aldri.



Jarðlagnatæknar útskrifast

Skemmtilegar vikur í námi

- segir Þorsteinn Ari Þorgeirsson

Mímir-símenntun útskrifaði 19 jarðlagnatækna í stöðvarhúsinu í Gvendarbrunnum þann 20. febrúar sl. Fyrsti hópurinn útskrifaðist fyrir átta árum og ekki þarf að fjölyrða um gagnsemi þess fyrir fyrirtæki sem sjá um jarðlagnir að fá fólk með þessa menntun til starfa. Þegar nemendur höfðu fengið afhent viðurkenningarskjal var boðið uppá skoðunarferð um stöðvarhúsið.

Þorsteinn Ari Þorgeirsson var í útskriftarhópnum og við ræddum við hann þegar útskriftarathöfninni lauk. Ég hóf störf hjá Gagnaveitu Reykjavíkur fyrir fjórum árum og hef unnið á öllum starfssviðum og m.a. við jarðlagnir, segir hann.

Þorsteinn hóf jarðlagnatækninámið til þess að auka við þekking sína í starfi. Hann getur þess að þeir sem ljúka náminu fá launahækkun og fleira og það er bara jákvætt, segir hann ennfremur. Skólinn hófst í desember og námið var bæði bóklegt og verklegt og mjög fjölbreytt. Leiðbeinendurnir og samnem-

Gagnsemi námsins fer ekki á milli mála og hann vill hvetja þá sem eiga þess kost að fara í starfsnám eða sækja námskeið sem eru í boði hjá Eflingu.

endur mínir stóðu sig líka frábærlega vel og þessar sex vikur sem eru liðnar frá því að námið hófst hafa verið mjög skemmtilegar. Gagnsemi námsins fer ekki á milli mála og hann vill hvetja þá sem eiga þess kost að fara í starfsnám eða sækja námskeið sem eru í boði hjá Eflingu.

Aðspurður um frekara nám segist Þorsteinn hafa lokið stúdentsprófi og stefni á að fara í háskóla í haust. Ég hef áhuga á að læra landafræði og kannski á jarðlagnatækninámið eftir að nýtast mér þar.



Þorsteinn Ari Þorgeirsson ætla í háskóla næsta haust

***Ertu í atvinnuleit
með stutta skólagöngu?***

Markaðstorg - menntunarúrræði -

6. mars klukkan 14-18 í Skeifunni 8


- ***Upplýsingar um nám og námskeið***
- ***Viðtal við ráðgjafa***
- ***Örnámskeið***

Samstarfshópur um menntunarúrræði á höfuðborgarsvæðinu

KJARNAFÆÐI

FORELDRAR ATHUGIÐ!

Inniheldur
grænmeti
(5 g. pr. 100 g.):
gulrætur, papriku
og spinat



Án nítítssalts
Án MSG


Án rotvarnar-
þráavarnar- bindi-
og litarefna.

Án eggja
Án mjólkur
Án hveitis



Kíkið inn á
kjarnafaedi.is/kjarnakrakkar
og takið þátt
í skemmtilegum leik.

Fituminni en
venjulegur
kjötbúðingur
(13 g. pr. 100 g.)



Með
Omega 3
fiskiolíu

Framleiddur
úr íslensku kjöti

Voff voff...
... án Urrs



KRAKKABÚÐINGUR

Sodín vara - Geymist í kæli við 0-4°C

Eldunarleiðbeiningar: Hitid í potti eða sneiðid og steikið

ÁN MSG

(ÍS) Innihald: Svinakjöt - Nautakjöt - Vatn - Lambahjörtu - Kartöflumjöl - Spinat - Gulrætur
Paprika - Salt - Omega 3 fiskiolía (0.41%) - Pipar - Prúgusykur - Hvíttlaukur - Krydd

(EN) Ingredients: Pork - Beef - Water - Lamb - Potato flour - Spinach - Carrot - Sweet pepper - Salt
- Omega 3 fish oil - Pepper - Dextrose - Garlic - Spices

(DK) Ingredienser: Grisekød - Oksekød - Vand - Lammekød - Kartoffelmel - Spinat - Gulerod - Peberfrugt - Salt
- Omega 3 fiskeolie - Peber - Druesukker - Hvidløg - Krydderier

Næringargildi / Ingredients / Ingredienser	100 g:
Orka - Energy - Energi	724 kJ/173 kkal
Prótein - Protein - Protein	11 g
Kolvetni - Carbohydrate - Kulhydrat	3,3 g
Par af Sykur - Sugars - Sukkerarter	0,2 g
Fita - Fat - Fedt	13 g
Par af Mettadar Fitusýrur - Saturates - Mettede	5,0 g
Einómætadar Fitusýrur MUFA Monounsaturates - Monomættede	6,0 g
Fjölmætadar Fitusýrur PUFA Polyunsaturates - Polymættede	2,0 g
Omega-3 fitusýrur	0,26 g
EPA+DHA	0,09 g
Kólesteról	41 mg
Trefjar - Fibre - Kostfibre	0,3 g
Natrium - Sodium - Natrium	0,9 g